

**REGLUGERÐ**  
**um ábyrgðir Jöfnunarsjóðs sókna nr. 865/2001,**  
**sbr. rgl. nr. 1129/2005 og nr. 150/2010.**

1. gr.

■ Í Jöfnunarsjóði sókna, sbr. lög nr. 91/1987, er starfrækt sérstök ábyrgðardeild. Heimilt er að veita ábyrgðir öllum þeim aðilum sem styrkhæfir eru samkvæmt þeim lögum.

□ [Þegar kirkjuráð hefur fallist á að veita ábyrgð skal gefin út yfirlýsing þar að lútandi. Nægilegt er að hún sé undirrituð af forseta kirkjuráðs]. <sup>1)</sup>

1) Rgl. nr. 1129/2005, 1. gr.

2. gr.

■ [Jöfnunarsjóður sóknar getur veitt ábyrgðir í heild er nema allt að 1/6 af árlegum tekjum sjóðsins að viðbættum ferföldum varasjóði ábyrgðardeildar, þó aldrei meira en nemur 1,5 földum árstekjum sjóðsins]. <sup>1)</sup>

1) Rgl. nr. 150/2010, 1. gr.

3. gr.

■ Jöfnunarsjóður tekst einungis á hendur ábyrgð á skuldum í íslenskum krónum samkvæmt skuldabréfum sem tekin eru hjá viðurkenndri lánastofnun eða viðurkenndum lánveitanda. Skilmálum má ekki breyta nema með samþykki kirkjuráðs.

4. gr.

■ Ábyrgð skal því aðeins veita, að sá er ábyrgðar óskar, þarfnist lánsfjár til framkvæmda, endurbóta á mannvirkjum, til kaupa á búnaði í kirkju eða safnaðarheimili, þ.m.t. hljóðfæri.

□ Ábyrgð má ekki veita nema eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a. Lánsþörfina er ekki unnt að uppfylla á almennum markaði án ábyrgðar eða lánskjör eru sérlega óhagstæð. Þetta tekur einnig til skuldbreytinga.

b. Greiðslumat liggur fyrir um að lánþegi geti staðið í skilum með lán sem ábyrgst er af sjóðnum.

c. Umsækjandi fer að starfsreglum kirkjuþings í hvívetna við framkvæmd þess verkefnis sem óskað er ábyrgðar fyrir.

5. gr.

■ Jöfnunarsjóði er heimilt að taka veð í fasteignum, svo og öðrum eignum, ef ástæða þykir til, til tryggingar þeim ábyrgðum sem ábyrgðardeildin veitir. Kirkjur verða þó ekki veðsettar samkvæmt þessu ákvæði.

6. gr.

■Ábyrgðarþegi skal við veitingu ábyrgðar greiða ábyrgðargjald í eitt skipti er nemur 0,5% af höfuðstóli ábyrgðarskuldbindingar. Gjaldið rennur í ábyrgðardeild Jöfnunarsjóðs sókna.

7. gr.

■Umsókn um ábyrgð Jöfnunarsjóðs skal send til kirkjuráðs. Henni skulu fylgja eftirtalin gögn:

- a. Ítarleg greinargerð um það verkefni, sem verja á lánsfénu til, ásamt rekstraráætlun þess aðila er óskar ábyrgðar.
- b. Veðbókarvottorð um þær eignir er veðsetja skal, svo og önnur skjöl um eignarheimildir.
- c. Gögn um stöðu veðskulda og annarra skulda.
- d. Ársreikningar fyrir að minnsta kosti tvö næstliðin ár. Skulu þeir vera í því formi og með þeim skýringum og gögnum er sjóðurinn kann að krefjast.
- e. Gögn um váttryggingar eigna umsækjanda.
- f. Önnur gögn sem kirkjuráð kann að óska eftir.

8. gr.

■Jöfnunarsjóður skal halda afskriftarreikning vegna veittra ábyrgða og skal hann á hverjum tíma gefa raunhæfa mynd af áætluðum afskriftum allra ábyrgða sjóðsins.

□[Varasjóður ábyrgðardeildar skal hið minnsta nema 1/7 af heildarábyrgðum deildarinnar umfram 1/6 af tekjum sjóðsins, þó eigi minna en nemur áætluðum afskriftum. Framlag til ábyrgðardeildarinnar skal aldrei vera hærra en helmingur af tekjuafgangi Jöfnunarsjóðs sókna].<sup>1)</sup>

1) Rgl. nr. 150/2010, 2. gr.

9. gr.

■Kirkjuráð skal fylgjast með rekstri þeirra aðila sem Jöfnunarsjóður hefur gengist í ábyrgð fyrir. Ábyrgðarþegar skulu láta í té ársreikninga ásamt skýrslum, bókhaldsgögnum og skýringum, er kirkjuráð telur nauðsynlegt vegna eftirlits síns.

10. gr.

■Jöfnunarsjóður á þess ætíð kost að greiða gjaldfallnar afborganir og vexti, og getur skuldareigandi þá ekki gjaldfellt alla skuldina.

11. gr.

■Nú verða vanskil á láni er Jöfnunarsjóður hefur tekið sjálfskuldarábyrgð á og getur þá skuldareigandi krafist sjóðinn beint um greiðslu skuldarinnar og þarf ekki að ganga að öðrum tryggingum vegna hennar.

12. gr.

■Nú fellur ábyrgðargreiðsla á Jöfnunarsjóð og getur þá kirkjuráð haldið eftir af andvirði veittra styrkja úr sjóðnum til skuldara, ef því er að skipta, til greiðslu á gjaldfallinni ábyrgð.

13. gr.

■Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 9. gr. laga um sóknargjöld o.fl. nr. 91 29. desember 1987 öðlast gildi 1. janúar 2002.